

## Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Jóga
- Atvinna
- Námskeið

Næsti Pési kemur út .16.okt 2014

### Athugið!!

Efni í Pésann-verður að berast í allra síðasta lagi 13.okt

## Efni í þessu blaði:

Förystugrein	2
Kirkjukórinn	5
Leiguhúsnæði	6
Skólaþing	8
Golfið	11
Atvinna	15
Eldri Hrunamenn	18

# Pési



Sept 2014  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

<http://www.facebook.com/pages/Hrunamannahreppur/305727359440557?ref=ts&fref=ts>

24. árgangur. 285 tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



B Ó K A S A F N



## Frá Bókasafni Hrunamanna

### Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18



Munið! **Alltaf** hægt að skila safngögnum í skilalúguna ☺

Verið velkomin á bókasafnið.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: [bokasafn@fludir.is](mailto:bokasafn@fludir.is)

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



## Sveitarstjórapistill

September er kominn og líklega verður maður að viðurkenna að það sé að koma haust. Nú fer að koma tími fallegra litbrigða í náttúrunni þar sem hún fer að að undirbúa sig fyrir veturinn. Það gerir mannskepnan á sinn hátt líka þó gamla aðferðin að safna forða fyrir veturinn sé dálítið öðru vísi en fyrir öld síðan eða svo.

Nú eru hátíðir sumarsins að baki og vel heppnuð Uppskeruhátíð um helgina er endamarkið hvað það varðar. Það er gaman að sjá hvað hátíðin er að festa sig í sessi, mikill fjöldi fólks á ferðinni og mikið um að vera. Það eru tækifæri fyrir þá sem selja vörur og þjónustu í sveitarfélaginu að nýta sér svona viðburði og það er t.d. spurning hversu mörg tonn af matvælum fóru út úr félagsheimilinu á laugardaginn. Annað er til eftirbreytti að sjá tækifæri í að kynna það sem fram fer í sveitinni og er ég ánægður með frumkvæði Bryðjuholtsbænda að hafa opið fjós á Uppskeruhátíðinni. Það er mikilvægt að þeir sem ekki hafa landbúnað daglega fyrir augum sjái og skilji hvað þar er um að vera. Eitt er þó sem maður hefði viljað sjá öðruvísi en það er að fleiri Hrunamenn myndu taka þátt í Uppsveitarhringnum á Uppskeruhátíðinni, annað hvort að hjóla eða hlaupa. Það kemur bara næst en við töpuðum algerlega fyrir nágrannanum í vestri á þessu sviði.

Nú fara hefðbundin haust- og vetrarverkefni af stað. Búið er að manna félagsmiðstöðina Zero og mun Þorbjörg Helga Sigurðardóttir áfram stýra, eða mætti segja fjarstýra, félagsmiðstöðinni frá Hvanneyri og síðan mun Einar Hjörleifsson sjá um daglega starfssemi og vera henni til halds og trausts. Þá er einnig búið að manna félagsstarf eldri borgara í Heimalandi í vetur það sem á vantaði en hún Sigga í Laxárhlið ætlar að sjá um það ásamt Önnu Maríu Gunnarsdóttur, starfsmanni okkar í Heimalandi. Bíð þetta fólk allt velkomið til starfa og veit að þessi mikilvæga starfssemi er í góðum höndum. Þá eru skólarnir komnir á fullt og eins og ávallt mikið líf í kring um þá. Þar sem skammdegið fer bráðum að síga að bið ég bílstjóra á Flúðum að sýna gangandi börnum á leið í og frá skóla eða íþróttum tillitssemi.

Þá fer íþróttastarf vetrarins hjá UMFH að hefjast venju samkvæmt. Vonandi verður þetta síðasti veturinn í hálfu íþróttahúsi en víst er að möguleikar til fjölbreyttara og fjölskylduvænna íþróttastarfs vex með stærra húsi sem mætti tví- eða jafnvel þrískipta. Vil ég hvetja unga sem aldna til að nýja sér íþróttaaðstöðu sveitarfélagsins sem mest í vetur, hvort sem um er að ræða sundlaug, tækjasal eða íþróttahúsið. Fátt er mikilvægara en að huga að heilsu sinni og holl og góð hreyfing ætti að fylgja okkur alla ævi. Annars hafa Hrunamenn átt ágætis íþóttasumar. M.a. má benda á að 4 flokkur karla varð íslandsmeistari í 7 manna fótbolta og þá náðist ágætis árangur í frjálsum íþróttum, m.a. eignuðumst við tvo íslandsmeistara.

Hins vegar er það athugunarefni hvað krakkar í öðrum sveitarfélögum eru dugleg að mæta á æfingar hjá Hrunamönnum meðan okkar krakkar mættu mæta fleiri. Leiðinlegt þegar Hrunamenn eru orðnir í minnihluta í Hrunamannaliði.

Það eru fleiri sem eru að koma til starfa í tenglum við sveitarfélagið. Búið er að ráða nýjan félagsráðgjafa á starfsvæði Uppsveita og Flóa með starfstöð í Laugarási en Sigurjón Árnason félagsráðgjafi hefur verið ráðinn í starfið. Ekki spillir fyrir honum að hann á ættir að rekja að Jaðri. Þá hefur séra Óskar Hafsteinn Óskarsson verið skipaður sóknarprestur við Hrunaprestakall með meiru. Bíð ég hann og fjölskylduna velkomna í sveitina og þó þau séu nú ekki henni ókunnug þá verður það ný sýn að horfa á sveitina frá Hruna. Þó margir hafi mismunandi skoðanir á þjóðkirkjunni og trúmálum almennt skiptir okkur öll miklu máli hvernig prestar nálgast samfélagið því prestar gegna mikilvægu samfélagslegu hlutverki sem tengist ekki alltaf hefðbundnu presthlutverki. Ég vil einnig þakka séra Eiríki, Sigríði Helgu og fjölskyldu fyrir góð kynni og störf í gegnum árin og veit að þau eru nú ekki alveg búin að gleyma okkur Hrunamönnum. Var það falleg stund þegar fjölskyldan var kvödd í félagsheimilinu um daginn.

Nú fer að síga á seinni helming framkvæmda á vegum sveitarfélagsins þetta árið og er ég mjög ánægður hvernig til hefur tekist þó ekki sé nú öllu alveg lokið. Gleðilegt er að götur í Hofatúni séu loks komnar í fast form, viðhald Flúðaskóla hefur þokast áfram, eldhús félagsheimilis tekið í nefið, aðgengi að íbúðum eldri borgara hefur verið bætt, framkvæmdir við Vesturbrún 2-8 eru vel á veg komnar, skógarskýli er risið í Lystigarðinum auk þess sem frisbígolfvöllurinn er kominn í fullan gang. Verið er að leggja lokahönd á mini skatepark á lóð Flúðaskóla auk fleiri verka. Stóra verkið er þó stækkun íþróttahússins og er það vel á áætlun. Það var því ánægjulegt að sjá húsið bókstaflega rísa og veit ég að það gleður marga að sjá þetta verkefni vera komið svona vel af stað. Hins vegar er mikil vinna eftir, ekki síst að útfæra og búa íþróttahúsið þeim tólum og tækum sem þar þurfa að vera. Það væri mikil hjálp í því að fá einstaklinga og fyrirtæki til að reyna að styðja þá vinnu með okkur.

Ég vil annars þakka verktökum og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir góða vinnu við framkvæmdir ársins því það er ekki alltaf auðvelt að púsla þessu öllu saman og stundum bitna svona framkvæmdir á starfsfólki stofnana og íbúum. Hins vegar er stóra markmiðið að við eigum eftir fallegri sveit og betri stofnanir fyrir starfsfólk og notendur þeirra.

Njótum haustsins saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri



## LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari  
Kringlumýri 1 800 Selfoss  
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

**ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM**  
**SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866**  
**BREYTTUR OPNUNARTÍMI**  
OPIÐ VIRKA DAGA 10-17  
LAUGARDAGA 11-13

### Fótaaðgerð.

Verð í Heimalandi **mánudaginn 15. september 2014**

Athugið!! gjafakort til sölu.

Tímapantanir í síma: 863 0433

**Allir velkomnir!**

Sólveig Jóhannsdóttir

Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



### Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna

Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

## Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is



LAUGARVATN  
**fontana**  
Hölsulind frá landnámi



### **Söngfólk athugið!!**

Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna hefur starfsemi sína 18.sept. n.k. og fara æfingar fram í Félagsheimilinu samkvæmt venju og hefjast kl 20:30.

Við auglýsum að venju eftir nýjum söngfélögum í allar raddir. Þá sem langar að prófa að vera með, er bent á að hafa samband við Stefán Þorleifsson í s: 615 2920 eða í gegnum tölvupóst [stebbi@tonlist.net](mailto:stebbi@tonlist.net) Kirkjukórin er líflegur félagsskapur og vetrarstarfið framundan fjölbreytt og spennandi. Aðalfundur kórsins verður eftir kaffihlé.

Stjórnin: Magga, Sírý og Gussi.

## Samkaup strax

### Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
<b>Laugardaga</b>	10:00-18:00
<b>Sunnudaga</b>	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax  
á Flúðum.

Sími 486 6633

[fludir@samkaupstrax.is](mailto:fludir@samkaupstrax.is) <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta  
Grímsnesið,

Bláskógabyggð, Hrunamannahr og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum  
eftir bestu getu.

Með Kv. TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

*Skrifstofa Hrunamannahrepps.*

*Opnunartími hreppsskrifstofu.*

*Mánudaga til fimmtudaga:*

*09:00-12:00 og 13:00-16:00*

*Föstudaga: 09:00-12:30*

### Leiguhúsnaði á Flúðum.

Smiðjustígur 17a er laus til leigu.  
Upplýsingar á skrifstofu Hrunamannahrepps,  
sími 480 6600, eða á [jon@fludir.is](mailto:jon@fludir.is)



**Upplit**

Meningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á

[www.upplit.is](http://www.upplit.is) –allir velkomnir

VIOLA snyrtistofa  
Högnastíg 1 Flúðum.



GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting –  
Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.

Tímamantanir í Síma 856-1599



Óska eftir að fá gefins garnaþanga!!

Allt kemur til greina, lopi, band osfrv og þeir sem eiga eitthvað aflögu  
mættu gjarnan koma því til hans þabba míns, Ásgeirs frá Kaldbak,  
Norðurhofi 7 á Flúðum.

Með fyrirfram þökkum.

Eydís Ásgeirsdóttir

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 480 5112**

Verðlaunahafar Hrunamanna á meistaramóti Íslands í frjálsum 11– 14 ára.



# Skólaping/námskeiðsdagur Skólafjónustu Árneshings

Mánudaginn 1. september var efnt til sameiginlegs starfsdags allra starfsmanna í grunn- og leikskólum í Árneshingi. Að skólafjónustu Árneshings standa sjö sveitarfélög á Suðurlandi. Þau eru: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Sveitarfélagið Ölfus.

Námskeiðsdagurinn var haldinn í Þorlákshöfn þar sem rúmlega 300 starfsmenn skólanna komu saman. Dagurinn hófst á því að farið var yfir sameiginleg markmið skóla og skólafjónustu fram til ársins 2017. Eftir það hlýddu þátttakendur á erindi Ásdísar Olsen um hamingju og velferð í skólastarfi með jákvæðri sálfræði. Óhætt er að segja að erindi hennar hafi vakið áhuga. Gott er að muna eftir að njóta augnabliksins, hafa jákvæða afstöðu til lífsins og skólustarfsins. Þannig gengur allt betur.

Fram eftir degi voru í boði 20 málstofur en þátttakendur á þinginu gátu valið tvær þeirra yfir daginn. Þar voru flutt erindi um ýmislegt spennandi sem er að gerast í skólum á svæðinu auk annarra skólatengdra verkefna. Erindin fjölluðu meðal annars um Reggio leikskólustarf, lestrarþróun, hreyfingu barna, nemendur með hegðunarvanda, áhugasviðsvinnu með nemendum, fjölbreytta kennsluhætti, spjaldtölvur, barnavernd, sjálfsskaðandi hegðun, tölvufíkn og jákvætt hugarfar kennara.

Þingið tókst í alla staði vel enda vel tekið á mótið hópnun í Þorlákshöfn. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá alla starfsmenn leik- og grunnskóla vinna saman á þessum degi og fá tækifæri til að auka samræðu milli skólastiganna.

*Hrafnhildur*

*Karlsdóttir og*

*Ólína*

*Þorleifsdóttir*

*kennsluráðgjafar í*

*Skóla- og*

*velferðarþjónustu*

*Árneshings*



**Hjörleifur Ólafsson**

Rafræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is



# Grænna land ehf.

Öll þjónusta fyrir garðinn á einum stað:

Áburðargjöf

Beðahreinsun

Garðsláttur

Garðaúðun

Gróðursetning trjáplanta

Ráðgjöf um hönnun garða

Trjáklippingar

Trjáplöntusala

Þökulagnir



Erla Björg Arnardóttir

Garðyrkjufraeðingur

Sími: 858-3399

graennaland@simnet.is

## Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 12:00-18:00

### Tækjasalur í Íþróttahúsi. Vetraropnun

Mánudaga til fimmtudaga 16:00-21:30

Föstudaga: 13:00-18:00.-

Einnig er opið á laugardögum ef mót eru í gangi, frá kl: 12:00-15:00



**EIMSKIP**

**Flúðaleið ehf**

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**

### Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju

Starfsfólk Flúðaleiðar

Sveit GF. Frá vinstri: Kristinn Þór Styrmisson, Halldór Friðrik Unnsteinsson, Gísli Gunnar Unnsteinsson, Eyþór Orri Árnason og Óðinn Freyr Árnason.



Íslandsmeistarar Hrunamanna í 7 manna fótbolta í 4. flokki karla.

## Fréttir af starfi GF

### Sveitakeppni drengja 15 ára og yngri á Selsvelli

Dagana 22. til 24. ágúst sl. fór fram sveitakeppni drengja 15 ára og yngri á Selsvelli (Golfklúbburinn Flúðir). Til leiks mættu 16 sveitir frá 12 golfklúbbum. Fjöldi keppenda var um 90 talsins og að meðtöldum liðsstjórum og foreldrum voru vel yfir 100 manns á keppnissvæðinu dag hvern.

Keppnin fór þannig fram að fyrst var leikinn högggleikur sem réði uppröðun liðanna í riðlana og síðan holukeppni, alls 5 umferðir. Hver umferð er 18 holur sem þýðir að krakkarnir léku alls um 90 holur yfir helgina. Sigursveit mótsins var sveit Golfklúbbs Reykjavíkur, í 2. sæti sveit Golfklúbbs Kópavogs og Garðarbæjar og í 3. sæti sameignleg sveit GHD/GH/GÓ/GSS (Golfklúbbur Dalvíkur, Húsavíkur, Ólafsfjarðar og Sauðárkróks).

Veðurfarið var með þeim hætti að snemma á föstudags- og laugardagsmorgnum var hitastigið lágt og flatirnar því hellaðar. Yfir daginn hlýnaði mjög vel, sólríkt og stillt veður. Á sunnudeginum var skýjað og fór ekki að rigna fyrir en seinni part dags, rétt eftir að mótinu lauk. Á heildina titið var veðrið því afar hagstætt til golfiðkunar.

Heimamenn í GF sendu í fyrsta sinn sveit til keppni í þessum aldursflokki og þrátt fyrir að lenda í neðsta sæti veittu strákarnir mótherjum sínum verðuga keppni sem sést best á því að margir leikjanna töpuðust ekki fyrir en á síðustu holunum. Með frammistöðunni hefur verið lagður grunnur að áframhaldandi vinnu í barna- og unglिंगastarfi GF, sem þeir Árni Þór Hilmarsson, íþróttakennari og Karl Gunnlaugsson, fyrrv. formaður GF, eiga fyrst og fremst heiðurinn af. Strákarnir söfnuðu sjálfir peningum fyrir kaupum á liðsbúningum með boltasölu.

Mikil undirbúningsvinna fór fram fyrir keppnina þar sem lögð var áhersla á að snyrta vel allt umhverfi og vallarsvæðið sjálft auk þess að hafa til veitingar handa gestum. Starfsmannafjöldinn var yfir helgina alls 15 manns og vinnutíminn frá kl. 06.00 að morgni til ca. 22.00, dag hvern.

Mikil og góð stemming var alla helgina og voru krakkarnir klúbbum sínum til sóma. Þau voru kurteis, fylgdu vel siðareglum íþróttarinnar og báru virðingu fyrir andstæðingum sínum og öllu starfsfólki mótsins. Mótsstjórn þakkar öllum keppendum, liðsstjórum og öðrum gestum fyrir skemmtilega helgi.

Unnsteinn Eggertsson, ritari GF





Framkvæmdir í Kerlingarfjöllum.

# Námskeið haust 2014

Kennsla fer fram í Miðstöðinni, Dalbraut 1 á Laugarvatni  
Upplýsingar og skráning: gullkistan@gullkistan.is / 6990700 / 8924410

## Grafísk hönnun fyrir byrjendur

Námskeiðið stendur í tvo daga, laugardagana 4. október og 8. nóvember kl. 10:00 – 17:00.

Kennnd verður notkun á Adobe Illustrator sem er öflugt forrit, notað í grafískri hönnun fyrir prentun eða stafræna miðla.

Nemendur koma með fartölvur með forritinu sem hægt er að fá endurgjaldslaust í 30 daga.

Fjöldi nemenda: 10 – 12

Kennari: Kristveig Halldórsdóttir myndlistarmaður og listgreina- og margmiðlunarkennari.

Verð: 30.000.-

Skráning og greiðsla fyrir 24. september 2014.

## Trérista og grafík

Námskeiðið stendur í tvo daga, helgina 25. og 26. október kl. 10:00 – 17:00.

Tréristu- og grafíktækni fyrir byrjendur og lengra komna.

Fjöldi nemenda: 10 – 12

Kennari: Andrea Krupp myndlistarkona frá Bandaríkjunum - [www.andreakrupp.com](http://www.andreakrupp.com)

Verð: 40.000.- Efni innifalið.

Skráning og greiðsla fyrir 15. október 2014.

## Ljósmyndun og myndvinnsla fyrir byrjendur

Námskeiðið stendur í tvo daga, helgina 1. og 2. nóvember kl. 10:00 – 17:00.

Kennnd verður notkun á Adobe Photoshop og Bridge. Nemendur þurfa að koma með fartölvur með forritunum og stafrænar myndavélar.

Fjöldi nemenda: 10 – 12

Kennari: Ari Halldórsson listgreina- og margmiðlunarkennari

Verð: 30.000.-

Skráning og greiðsla fyrir 22. október 2014.

## Einföld bókagerð

Sunnudagur 23. nóvember kl. 10:00 – 17:00.

Unnið verður með mismunandi aðferðir fyrir einfalda bókagerð.

Fjöldi nemenda: 10 – 12

Verð: 17.000.- Efni innifalið.

Skráning og greiðsla fyrir 13. nóvember 2014.

## Kerti og spil

Sunnudagur 30. nóvember kl. 13:00 – 17:00.

Opin smíðja fyrir börn á öllum aldri.

Verð: 2.000.- Efni innifalið.

Skráning fyrir 25. nóvember 2014.

## Jóga

9 vikna jóganámskeið hefst þann 15. september n.k. og verður til 12. nóvember

Ætla ég að hafa tvo blandaða hópa, tímar verða tvisvar í viku á mánudögum og miðvikudögum, fyrri tíminn kl 17:15 og seinni tíminn kl 20:00 einnig er í boði 10 tíma jóganámskeið fyrir karlmenn á mánudögum og miðvikudögum kl 18:30 ef næg þáttaka fæst.

Jóga er gott fyrir alla ☺

Ath. Takmarkaður fjöldi

Kennslustaður er heima hjá mér í Birtingaholti 4

Nánari upplýsingar og skráning í síma 8685751

Fjóla Ingveldur Kjartansdóttir, jógakennari



## Áththagafræðinámskeið

haldið af Fræðsluneti Suðurlands, Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi.

Námskeiðið fjallar um sögu og menningu sveitanna

Það verður haldið í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi

Stefnt er að því að námskeiðið verði á fimmtudagskvöldum, dagana 25.9., 2.10., 9.10. og 16.10.

Markmiðið er að tveir fyrirlesarar verði hvert kvöld, hvor með 60-80 mín. kennslustund með umræutíma.

Umfjöllunarefni verða: Jarðfræði uppsveitanna, fornleifar, saga sveitanna frá landnámi til 1711, glæpir og refsing, starfsemi kvenfélaganna og ungmennafélaganna, áhrif Kreppunnar og sauðasölnunnar á samfélagið, stofnun og saga Þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Fyrirlesarar verða: Guðfinna Ragnarsdóttir jarðfræðingur, Margrét Hallmundsdóttir fornleifafraeðingur, Gunnar Karlsson sagnfræðingur, Þorsteinn Tryggvi Mátsson héraðsskjalavörður, Margrét Sveinbjörnsdóttir menningarmiðlari, Jón M. Ívarsson sagnfræðingur, Bjarni Harðarson bóksali og Einar Á. Sæmundsen fræðslufulltrúi.

Skráning hjá Fræðsluneti Suðurlands

**Störf skólaritara og umsjónarmanns skólasels við Flúðaskóla eru laus til umsóknar, viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst, eigi síðar en 1. október 2014**

**Skólaritari í 50% starfshlutfall**

Vinnutími 9:00 – 13:00 mánudaga til föstudaga.

Viðkomandi þarf að:

Hafa þjónustulund

Hafa góða tölvufærni

Vera vel ritfær á íslensku

Vera sjálfstæður í vinnubrögðum

Vera jákvæður og með góða samskiptagreind

**Umsjónarmaður skólasels í 30% starfshlutfall**

Vinnutími eftir að skóla lýkur til kl 16:15 frá mánudegi til fimmtudags.

Viðkomandi þarf að:

Vera jákvæður og með góða samskiptagreind

Vera sjálfstæður í vinnubrögðum

Hafa gaman af því að starfa með börnum

Sami einstaklingur getur sótt um bæði störfin og ráðið sig í 80 % starf og þá er vinnutíminn aðlagður, að opnunartíma skólasels fjóra daga vikunnar, þannig að hann verður samfelldur.

Laun samkvæmt kjarasamningi Launanevnd sveitarfélaga og Foss.

Upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir, skólastjóri í síma 480 6610.

Umsóknarfrestur er til 17. september 2014, umsóknir skal senda í tölvupósti á netfangið [gudrunp@fludaskoli.is](mailto:gudrunp@fludaskoli.is)

Við í Bragganum þökkum kærlega fyrir frábærar móttökur í sumar. Við höfum nú lokað að mestu yfir vetrartímann en munum glaðar taka á móti hópum og tókum við pöntunum í síma 8979923/8478384 eða á tölvupóstfanginu [bragginn.leirogkaffi@gmail.com](mailto:bragginn.leirogkaffi@gmail.com).

Næst munum við hafa opið um aðventuna og auglýsum opnunartímann síðar.

Fylgist með á facebook síðu okkar

[facebook.com/bragginn](https://www.facebook.com/bragginn)

Heyrumst, Braggapír





## TAMNING-ÞJÁLFUN- JÁRNINGAR!!

Tek að mér tamningar, þjálfun og  
járningar. Er með góða aðstöðu  
Guðjón Hrafn Sigurðarson,  
sími 895 6222.



## Vantar vinnu!!

Er að leita mér að vinnu: Er vanur fjósamaður,  
en fleira kemur til greina  
Upplýsingar í síma: 863 2801.



Þeir sem vilja panta gáma undir járn fyrir veturinn eiga að hafa  
samband við Tómas Þórir Jónsson s:899-3092

Elsku vinir.

Ég verð með joga tíma í Bragganum  
eins og í fyrra vetur.

Námskeiðin verða 10 tímar í einu og  
fyrsta tímabilið verður 9 sept - 9 okt.

Hægt verður að koma inn hvenær  
sem er á tímabilinu.

Joga tímarnir verða 2 í viku á  
þriðjudögum og fimmtudögum.

Annarsvegar kl 17.15 - 18.15 og  
hinsvegar kl 18.30- 19.30.

10 tímar kosta 10.000.- og það er í  
lagi að koma og prófa.

Nánari upplýsingar og skráning í  
síma 7751662

Ég fer ljúft af stað eftir þetta  
dásamlega sumar.


Megið þið eiga  
dásamlegan vetur.

Namaste

Lára



Helgi og Anna í Bjarkarhlíð við  
fegursta tré ársins 2014 í  
Hrunamannahreppi.





Hæ krakkar!



Í ágúst mánuði var frekar rólegt hjá okkur en í lok águst blésum við til sumarbúða! 14 kátir krakkar mættu með hestana sína í Syðra-Langholti. Þau sem vildu fengu lánsross hjá Örnú og Steina. Þá tók við þétt dagskrá með reiðkennslu hjá Steina og Örnú bæði í verklegu og bóklegu. Gugga og Meike úr Æskulýðsnefnd voru til aðstoðar og einnig vinnukonurnar á bænum Anna

og Karin og einnig einn pabbi. Nóg var af mannskap til að halda uppi fjörinu og við fórum í alls konar leikir og þrautir. Einnig var farið í útreiðartúra á báðum dögum þar sem nokkrum hrossum datt ýmislegt í hug.... segjum ekki meira um það - þeir sem voru á staðnum vita hvað við erum að tala um ;-)

Arna eldaði ofan í okkur ljúfengan mat og ekki hægt að segja annað en að allir voru mjög ánægðir með helgina!

Við bætum nokkrum myndum við sem segja söguna betur en 1000 orð!

**Við viljum þakka Örnú og Steina kærlega fyrir þessa frábæru dvöl!  
Við vonum að þetta verða héðan í frá árlegur viðburður!**

Nú í haust stefnum við á haustferðina okkar þar sem við heimsækjum nokkur hrossaræktunarbú og hver veit kannski getum við fengið dýralækni til að halda fræðsluerindi fyrir okkur.

**Endilega fylgist með á Facebook síðu Smákrakkar!**



bestu kveðjur, Æskulýðsnefnd Smára

## *Frá Félagi eldri Hrunamanna*

Nú þegar trén eru farin að fölna styttist óðfluga í vetrarstarfið okkar í kjallaranum. Það hefst ***þriðjudaginn 7. október kl. 13.*** Vonandi sjáum við ykkur sem flest, bæði kát og hress.

Að venju förum við í haustferðina okkar og verður hún fyrir þetta árið en verið hefur. Stefnt er að því að fara m.a. á sýningu á verkum Auðar Sveinsdóttur Laxness og einnig á sýningu á kjólum Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta. Sýningartíma beggja sýninganna lýkur um næstu mánaðamót þannig að ákveðið var að sjá þær áður en formlegt vetrarstarf er hafið. Við förum ***þriðjudaginn 23. september og leggjum af stað frá Félagsheimilinu kl. 10.*** Allir eru hjartanlega velkomnir með í ferðina.

Pantanir berast í síðast lagi sunnudaginn 21. sept. til Siggú í síma 846 6776/

486 6634 eða Önnu Maríu í síma 847 0678.

Vatnsleikfimin hefst ***mánudaginn 15. september kl. 13.***

Athugið breyttan tíma. Kennari verður Árni Þór Hilmarsson

Einar Jónsson frá Tungufelli verður með námskeið í glerlist (Tiffanys).

Þessi vinna með gler og blý hefur verið mjög vinsæl hjá öðrum félögum á Suðurlandi og verður það eflaust hjá okkur. Námskeiðið hefst um næstu mánaðamót og verður auglýst nánar síðar.

Kærar kveðjur til ykkar allra,  
stjórnin.

# Er komið haust???

“Ja, maður spyr sig”

## Skammta sprauta

Skammta-sprauta 3ja og 5 ml. Eigum einnig varahluti í 3ja og 5 ml. skammta-sprautur.



## Inngjafabyssa m/slöngu

Inngjafasprauta 23 ml. með slöngu sem einnig er hægt að nota fyrir venjulegar sprautunálar.



## Einnota sprautur og nálar



## Vogir



## Regnföt 66

MORÐUR



## Merki-spray



## Klaufaklippur



## Boltabyssa (Sláturbýssa)



## Merkillitir



## Stígvél - reiðskór



## Skelfur - hóffjaðrir

## Sokkar



## Allt í sláturgerðina

Hnifar, kjótsagur, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilispokar, balar, fótur, úrbeiningahanskar, hamborgarapressa, vaccumpökkunarvél og pokar, o.fl.....

LANDSTÓLPI  
Egilsstöðum - 471 1901



Gunnbjarnarholti,  
801 Selfoss  
Sími 480 5600  
landstolpi.is

Þakið komið á viðbyggingu íþróttahússins.



Uppsveitahringurinn....Verðlaunahafar í 10 km hjólréiðum